

---

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar

Afrit: Bæjarstjóri Reykjanesbæjar og forstjóri Heimstaden

Góðan dag

Hér með óska ég eftir skýrum svörum við nokkrum atriðum varðandi umferðar- og skipulagsmál á Ásbrú. Erindi þetta er sent í framhaldi af annars vegar fundi mínum nýlega með forstjóra Heimstaden, eins stærsta eiganda húsnæðis á Ásbrú, og hinsvegar símtals míns við skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar í gær.

Ég hef, ásamt konu minni, leigt íbúð að Skógarbraut á Ásbrú frá febrúar 2009. Við komum stuttu eftir að herinn fór og gaf þjóðinni sínar húseignir, sem fljótlega urðu þó braskvarningur fjárfesta. Íbúðir voru þá einkum leigðar háskólanemendum, en þar sem ég vann að nýsköpunarverkefni fékk ég inni af nokkrum íbúðum sem ætlaðar voru frumkvöðlum. Hér var þá lofað mikilli uppbyggingu nýsköpunar, líkt og áætluð er í hinni nýju „framtíðarsýn Ásbrúar“; kem aftur að henni síðar. Leiguhúsnæði hér á Ásbrú er langtum hærra hlutfall fasteigna en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Það skapar ýmsa sérstöðu sem bæjarfélagið þarf að bregðast betur við en gert hefur verið. Augljóst er að leigjendur sem flestir staldra við í fáeina mánuði eða ár hafa mun minni möguleika en íbúðaeigendur til að mynda sér sameiginlega afstöðu um þarfir síns hverfis og koma úrbótaþörf á framfæri en sjálfseignafólk sem dvelst um kyrrt í öðrum hverfum. Hér hefur Reykjanesbær því ríkari skyldur en í öðrum hverfum bæjarins til þess að leita markvisst eftir samráði við leigjendur og taka tillit til ábendinga einstakra íbúa; ásamt því að eiga frumkvæðið að stofnun hverfaráðs og annars beins fulltrúalýðræðis. Illa hefur verið staðið að þessu að hálfu bæjarfélagsins. Sama er að segja um stóru leigufélögin sem hér eiga flestar húseignir; braska með þær í hagnaðarskyni og leigja á uppsprengdu verði. Þeim ber að hafa hag íbúa að leiðarljósi; leita markvisst eftir álitum þeirra og gæta hagsmuna þeirra gagnvart sveitarfélagi og ríki. Sem leigjendur höfum við kona mín gengið kaupum og sölum hér að Ásbrú í 13 ár; greitt andvirði íbúarinnar að fullu í leiguverði; er þó synjað um leigulækkun á borð við þá sem t.d. gekk yfir húsnæðismarkaðinn sl haust, og þess verður ekki verulega vart að leigusali gæti hagsmuna okkar gagnvart bænum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég legg fram ábendingar til Reykjanesbæjar; sumt af eftirfarandi hefur áður komið á ykkar borð án þess að neitt væri aðhafst eða svör hafi fengist. Slíkt er algerlega óviðunandi.

Ég legg fram eftirfarandi athugasemdir og fer fram á svör ásamt skjótum úrbótum:

Markvisst hefur verið unnið að því að hálfu Reykjanesbæjar að hindra ferðafrelsi íbúa hér við Skógarbraut, og samkvæmt fyrirliggjandi áformum virðist það helst vera ætlun skipulagsyfirvalda að loka þetta fjölmenna bæjarhverfi þannig af að nánast verði ófært út úr því eftir akstursleiðum. Lítum á nokkrar staðreyndir:

- 1) Leikskóli var stofnsettur fyrir nokkrum árum þétt upp við þessa miklu umferðaræð. Svo fáránlega er frá honum gengið að bílastæðið er við beygju neðst í brattri brekku; algerlega óvarið frá veginum. Því er sú hættu augljós að bíll sem kemur stjórnlaus niður brekkuna, t.d. í hálku, getur runnið beint inn í hóp barna sem t.d. er verið að sækja á bílastæðinu. Eins er ekkert til að hindra það að barn hlaupi þessa örfáu metra út á veg ef foreldri sleppir af því hendi augnablik. Þarna vantar allar hindranir til að skilja bílastæðið frá veginum. Íbúar hér í hverfinu hafa rækilega fengið að kenna á þessu skipulagsklúðri; hraði var lækkaður á þessari miklu umferðaræð niður í gönguhraða og settar upp hraðahindranir. Lögregla hagnýtir sér það iðulega að liggja fyrir íbúum þegar embættið þarf að afla eigintekna, og sekta menn dýrum dómum fyrir að aka á eðlilegum hraða; helst á kvöldin þegar enginn skóli er og ekkert barn þar á ferli. Íbúum hér er því haldið í algerri gíslingu fyrir skipulagsklúður Reykjanesbæjar.
- 2) Skipulagsyrirvöld létu ekki þar við sitja: Strætóstöðin sem áður var þar sem nú er bílastæði leikskólans var færð út á hornið og þar komin nærri krappri beygju á veginum. Strætó myndar mikla hættu þegar hann stoppar þarna nærri beygju og hraðahindrun; þegar þar ægir saman börnum sem eru að koma úr strætó og

hlaupa yfir götuna; strætóbílnum sjálfum og bílum úr sitthvorri áttinni sem mætast við þessar hættulegu aðstæður á einbreiðum vegi. Fráleitt er að ekki sé hugsað fyrir útskoti stæto þarna við leikskólann; til þess er nægt pláss. Þarna er slysaöldra af mannavöldum.

- 3) Ekki nóg með það: Uppi á Grænásbraut getur að líta einstakt klúður í skipulagi og algert tillitsleysi við þetta 3-4000 manna bæjarsamfélag hér á Ásbrú. Á Grænásbraut frá Skógarbraut að Reykjanesbraut eru tvær einbreiðar þrengingar á annars tvíbreiðum vegi, en Grænásbraut er ein fjölfarnasta gatan í Reykjanesbæ. Við þessar þrengingar eru stoppustöðvar strætó og er háttalagið þannig að strætó stoppar langtímum saman í þrengingunni meðan hann er að afgreiða farþega að og frá borði. Á meðan hlaðast upp langar biðraðir bíla báðumegin. Þegar strætó loksins leggur af stað ryðjast þessar þvögur hvor á móti annarri og reynir hver að flýta sér sem mest gegnum þrenginguna til að tefja ekki þann sem bíður hinumegin. Þetta skapar að sjálfsögðu stórhættu fyrir þau börn sem komu út úr strætó og þurfa nú að skjótast yfir götuna þar sem hraði bílanna verður mestur á Grænásbraut; þar sem hver bíllinn beygir í veg fyrir annan. Með þessu fyrirkomulagi er sköpuð gríðarleg slysaþætta og auk þess óþarfar tafir fyrir íbúa sem þarna þurfa að aka um. Sjálfsögð lausn á þessum vanda væri að búa til útskot fyrir strætó, líkt og gert er hjá öllu síðuðu fólki. Slík framkvæmd væri mjög ódýr og með henni gæti Grænásbraut færst í áttina að því að verða eðlileg samgönguæð þessarar fjölmennu byggðar.
- 4) Hvergi í Reykjanesbæ er gengið fram með álíka tillitsleysi gagnvart íbúunum; og virðingarleysi gagnvart mannlífum. Samkvæmt „framfítarsýn Ásbrúar“; glansplaggi sem sjá má á vefnum, virðist eiga að auka enn á þetta umferðaröngþveiti. Þar er gert ráð fyrir nýjum grunnskóla við Skógarbraut án þess að á nokkurn hátt sé hugað að því hvernig íbúar eiga að komast leiðar sinnar akandi á öruggan hátt. Engin bílastæði eru fyrirhuguð við skólann önnur en starfsmannastæði norðantil. Börnum er ætlað að koma að skólanum annaðhvort úr útskoti í snarbrattri brekkunni, sem tekur 1-2 bíla eða gangandi þvert yfir snarbratta og flughála Skógarbrautina, rétt við krossgötur. Þetta skipulag er ekki einungis fátánlegt heldur einnig augljós slysaöldra. Auk þess verður með þessu algerlega lokað fyrir það að íbúar hins fjölmenna Skógarbrautarhverfis komist leiðar sinnar; þangað kæmust ekki heldur slökkvibílar eða sjúkubílar í neyð þegar þannig er búið að teppa aðkomuleiðir.
- 5) Íbúar hins fjölmenna bæjarfélags hér á Ásbrú njóta ekki neinnar þeirrar þjónustu sem býðst í öðrum hverfum Reykjanesbæjar. Við þurfum að sækja alla okkar verslun, bankaþjónustu og annað niður í Keflavík/Njarðvík. Slíkt þekkist hvergi í svo stóru bæjarhverfi, en Ásbrú er nú fjölmennari bær en t.d. Grindavík. Bæjarstjórnendur eiga einstaklega erfitt með að skilja þennan aðstöðumun; eða öllu heldur virðist þeim standa á sama um þessar hræður sem hér eru meðan þær halda uppi bæjarsjóði. Þetta kemur vel í ljós í þeim samgönguhindrunum sem lýst hefur verið, en einnig fleiru: Enn eitt skipulagsklúðrið í umferðarmálum mætir okkur sem daglega neyðumst til að sækja alla þjónustu niður í bæ. Lengi vel voru gatnamót Grænásbrautar við Reykjanesbraut dauðagildra og íbúar Ásbrúar nánast í fangelsi þegar umferð var mest á flugvöllinn. Úr því hefur Vegagerðin núna greitt með hringtorgi sem er til mikilla bóta, þó auðvitað ættu að vera þarna mismæg gatnamót eins og í öðrum bæjarfélögum af þessari stærð. Hinsvegar er Grænásbraut enn nánast lokað í endann; þar sem hún kemur niður á Njarðarbraut. Umferðin á báðum þessum vegum er nær óslitin á annatímum. Þarna ríkir ófremdarástand, enda eru þar engar ljósastýringar, hringtorg eða annað. Þarna gildir frumskógarlög málið og sekúndur geta skilið milli lífs og dauða hjá þeim sem dirfist að taka vinstri beygju af Grænásbraut. Ég kvartaði yfir þessu til skipulagsyfyrvalda fyrir mörgum árum, og það hafa eflaust aðrir gert, en ekkert er gert til úrbóta. Engar úrbætur virðast þarna fyrirhugaðar. Vissulega er um fleiri leiðir að velja milli þessara bæjarhluta; fjallabaksleiðir sem eru margfalt lengri; taka langtum lengri tíma og valda mun meiri loftslagsáhrifum en þessi. Beint lægi við að setja þarna hringtorg eða a.m.k. ljósastýringu. En bæjarstjórn virðist standa á sama um þessar mjólkurkúr sínar þarna uppi á holtinu; ekkert gerist!
- 6) Þegar ekið er um Flugvallarveg að eða frá Ásbrú mætir öikumönnum hús á miðjum vegi; varðskýli frá tímum hersetunnar sem vegfarendur þurfa að sveigja kringum. Kofinn hindrar auk þess útsýni og frá honum skefur snjó í illfæra skafli að vetrarlagi. Svo virðist sem bæjarstjórnendum sé þessi aflóga hernaðarkofi meira virði en kjósendur og gjaldendur á Ásbrú; að mikilvægara sé að halda í nostalgíu einhverra um erlenda hersetu en tryggja öryggi vegfarenda. Þennan einskis nýta kofa þarf að rífa án tafar og gera greiðfæran veg yfir staðinn. Hvorki ég né aðrir íbúar á Ásbrú ættu að þurfa að líða fyrir það að landið var eitt sinn undir erlendri hersetu.
- 7) Ég hef iðulega þurft að kvarta yfir ýmsu sem miður hefur farið í mínu nágrenni hér að Ásbrú á undanförunum 13 árum. Oft hefur þá komið í ljós óskýr mörk á skyldum bæjarfélagsins og húseigenda; þ.e. stóru

leigufélaganna. Þetta á t.d. við um bílastæði, gangstíga og gangstígalýsingu. Þar hefur hver vísað á annan. Þannig er t.d. um eina furðulega framkvæmd sem gerð var á innkeyrslu bílastæðisins hér við Skógarbraut 1104 (sunnanfrá). Þá var verið að lagfæra malbiksskemmdir og þurfti að eiga við niðurfall í leiðinni. Einhverjum snillingum datt þá í hug að einfaldast væri að setja niðurfallið á miðjan veginn. Þar var sett lítill rist og út frá henni djúp laut út að vegköntum beggja vegna. Þetta er í lagi á sumrin, en ristin teppist í fyrstu snjóum. Þegar leysir í hlýjuköflum safnast mikil tjörn þarna í miðja innkeyrsluna; yfirborðið frýs; snjór sest í; krapmi myndast, svo þarna verður algerlega ófært a.m.k. minni bílum. Ég hef bent á þetta klúður en ekkert er lagað.

- 8) Með einföldum og ódýrum hætti mætti greiða úr nokkru af því skipulagsklúðri sem hér hefur verið lýst, og greiða stórlega fyrir umferð þeirra fjölmörgu sem búa hér í Skógarbrautarhverfinu; þéttbýlasta íbúðahverfinu á Ásbrú. Þegar Flugvallarvegi var breytt fyrir nokkrum árum, með akstri frá hringtorgi á Fitjum, lagðist af umferð um vegarkaflann hér rétt neðanvið Skógarbraut. Þar er góður, breiður og upplýstur vegur í góðu ástandi; algerlega ónotaður meðan íbúar eru neyddir til að fara gegnum óskapnaðinn upp á Grænásbraut með stórhættu. Milli þessa ónotaða vegarkafla og Skógarbrautar er örstutt haft; einungis 33 metrar. Þar er meira að segja gamall malarvegur á milli, ásamt ræsi í vatnsrásinni, en lokað fyrir með stórgrýti; líklega af gatnamálayfirvöldum Reykjanesbæjar. Ég hef bent Reykjanesbæ á það fyrir nokkrum árum að rétt væri að opna þarna á milli. Því var tekið fjarri, án þess að nokkur ástæða fengist fyrir því. Hér væri um mjög ódýra og einfalda framkvæmd að ræða; örlítil jarðvegsskipti; e.t.v. nýr ræsishólkur; jöfnunarlag; slitlag; frágangur kanta; e.t.v. færsla á ljósastaur og biðskyldumerki. Allt annað er fyrir hendi. Verði ekki hafist handa við þessar úrbætur án tafar krefst ég greinargóðra skýringa.
- 9) Örfá orð um glansplaggið sem sjá má á vef Reykjanesbæjar undir nafninu „Ásbrú til framtíðar“. Greinilegt er að þarna hefur einhver skipulagsstofa; Alta“ fengið það verkefni að búa til glæsiplagg sem liti vel út og gæti hljómað vel í eyrum þeirra sem ekkert þekkja til. Greinilegt er einnig að enginn íbúi á Ásbrú hefur komið nálægt þessu plaggi; sem þó er ætlað að vera ráðandi um málefni íbúanna næstu 30 árin. Mestur hluti skýrslunnar er lofsöngur um nýyrðið „blágrænar ofanvatnslausnir“; kjaftæði sem er jafn innantómt og skýrslan sjálf. Það er engin nýlunda eða sérstaða að rigningarvatn renni ofanjarðar. Langmestur hluti skýrslunnar er myndefni sem segir ekkert um framtíðarsýn, einnig statistik um núverandi tölur. Við lauslegan lestur staldra ég við fáein atriði: a) „Styrkja þarf útivist“ (bls 13). Það fólk sem helst sækir í útivist hér á Ásbrú eru hundaeigendur, eins og ég sjálfur. Hvergi sjást lausnir fyrir þennan fjölmenna hóp. Í grenndinni er mjög gott hundasvæði; Patterson-flugvöllur, en þangað liggur enginn göngustígur og enginn fyrirhugaður. Svæðið er auk þess iðulega lokað vegna athafna verktaka eða vegna akstursíþróttta. Huga þarf að þessum þætti. b) Fullyrt er (bls 14) að draga muni úr notkun einkabíls, án þess að það sé nokkuð rökstutt. Ekkert bendir til að svo verði, og skipuleggjendur að Ásbrú verða því að gera ráð fyrir aukinni umferð einkabíla en ekki fjandskapast við hana eins og gert hefur verið og hóttað er í þessu plaggi. c) „Gatnakerfi verður gert læsilegra“ segir á bls 15. Er ekki nauðsynlegra að það verði nothæfara og greiðfærara? Hver „les“ gatnakerfi? Þar er því jafnframt hóttað að dregið verði enn frekar úr ökuhraða, sem myndi þýða það í raun að íbúum á Ásbrú væri gert ókleyft að nota bíla sína. Slíkt brýtur að sjálfsögðu gegn jafnræðisákvæðum stjórnarskrár og er slæm stjórnsýsla. Í sömu átt gengur tillaga um að spilla hinum þröngu bílastæðum hér á Ásbrú með því að planta í þau trjám. Fjandskapurinn við bílaeigendur er augljós; og þar með við íbúana. D) Sett eru fram (bls 19) markmið um „húsnæði fyrir verslun og nærþjónustu“ á Ásbrú. Ekki skortir húsnæðið; Kadeco hefur hinsvegar ráðstafað því undir annað í stað þess að bjóða verslunareigendum góð leigukjör til að laða hingað verslun. Hvernig ætlar bærinn að uppfylla þetta markmið? E) Á bls 26 er talað um að „styrkja staðaranda“. Innantómt slagorð, og beinlínis hlægilegt í ljósi þess að hvorki bærinn né leigusalar hafa haft fyrir því að koma hér á fót hverfaráði. Þar er sagt að „karakter“ svæðisins verði þróaður með vísun í söguna, sem hér er helst hin erlenda herseta sem flestir vilja gleyma sem fyrst. Hér á að verða „menningarás“, án þess að það sé skilgreint á nokkurn hátt. F) Örstutt klausa fjallar um Skógarbraut á bls 35. Það á að verða „fjölskylduvænt hverfi“, án þess að sagt sé hvernig þær fjölskyldur eigi að bjargast þegar búið er að setja þær nánast í akstursbann. Ofuráhersla er á trúarsetninguna; „blágrænar ofanvatnslausnir“; þær eiga e.t.v. að koma í staðinn fyrir akfæra vegi? G) Í ljósi sögunnar er nánast hlægilegt að lesa klausuna um „nýsköpunarsvæði“ á bls 38. Eins og ég drap á í upphafi fluttist ég að Ásbrú til að vinna að nýsköpunarverkefni árið 2009. Þá var herinn nýfarinn og bankahrún hafði sett margt á hliðina. Stjórnvöld kölluðu eftir framlagi hugvitsmanna og sögðust allt vilja fyrir þá gera. Reykjanesbær og ríkið buðu fram húsnæði hersins hér á Ásbrú, sem nefnt var „frumkvöðlasetrið Eldey“. Þar var hugvitsfólki lofað aðstoðu á niðurstætti leigu til að vinna að nýsköpunarverkefnum. Ekki liðu nema örfá ár þar til Kadeco var búið að selja húsnæðið einkaaðilum; húsið var tekið undir gróðastarfsemi og öllum frumkvöðlum var kastað út á

götu. Eins fór um leiguíbúð sem ég fékk á niðursettri leigu vegna nýsköpunarverkefnisins. Það var selt einkaaðilum sem hafa síðan hækkað leiguna upp úr öllu valdi; því meira sem leigutíminn lengist. Því hlýtur að vakna sú spurning hvort fyrirheit skýrslunnar um „nýsköpunarsvæði“ séu annað en innantóm orð? H) Víða í skýrslunni er því heitið að götur og hverfi eigi að hafa „hrátt“ útlit og yfirbragð. Hvað þýðir það? Sóðaskapur; aðgerðaleysi; ósnyrtur gróður; ófrágengnar götur? I) Eina byggingin sem þessi áætlun tilgreinir sérstaklega er nýr grunnskóli við Skógarbraut. Það sem sýnt er af þeirri framkvæmd er einstaklega illa ígrundað; einkum varðandi aðkomu, bílastæði og umferðaröryggi. Að óbreyttu mun þessi skóli annaðhvort útiloka alla bílaumferð í Skógarbrautarhverfinu eða stefna mannlífum í augljósa hættu, eins og ég hef áður nefnt. J) Þar sem rætt er um Skógarbrautarhverfið (bls 56) er m.a. lögð áhersla á útivist. M.a. miðsvæði þar sem íbúar „hafa tækifæri til að hittast og grilla saman“. Sýnir þetta vel ókunnugleika skýrsluhöfundu. Herinn skildi eftir sig mikið útisvæði í miðju hverfisins, með útigrilli og mikilli verönd. Á öllum þeim 13 árum sem ég hef hér dvalið hafa íbúar aldrei komið saman til að grilla, enda gengur þessi hugsun ekki upp í leiguíbúðahverfi þar sem sífellt skiptist um leigjendur og íbúar ná aldrei að kynnast. Þetta er viðlíka óraunhæf draumsýn og öll þessi skráðmálga glansskýrsla. Margt fleira mætti að þessu plaggi finna, t.d. rangar tölur um hávaðamengun frá flugvellingum o.fl. Það er algerlega óviðunandi að bærinn fái ókunnuga aðila til að móta framtíð íbúahverfa, án þess að gera minnstu tilraun til að afla álits íbúanna sjálfra.

Ég læt þetta nægja af athugasemdum að þessu sinni. Ég krefst þess að úrbætur fari strax af stað í þeim atriðum sem unnt er, og nefni þá sérstaklega tölulíð 8. Ég fer fram á skýr svör við þessum atriðum og fer fram á að viðhorf bæjarfélagsins gagnvart Ásbrú taki breytingum; að þetta hverfi njóti ekki síðri réttar en önnur og grónari hverfi í Keflavík og Njarðvík. Svo hefur ekki verið til þessa. Einnig fer ég fram á það við leigusalann Heimstaden að hann gæti betur réttar leigjenda sinna gagnvart Reykjanesbæ en hingað til, og m.a. beiti sér fyrir þeim úrbótum sem hér eru lagðar til. Á sama hátt fer ég fram á það við Reykjanesbæ að hann gæti réttar hinna fjölmörgu íbúa hér á Ásbrú gagnvart stóru leigufélögunum tveimur sem hér hafa kjör leigjenda/gjaldenda í hendi sér. Hér þarf bærinn að vera meira vakandi í þeim efnum en í öðrum hverfum Reykjanesbæjar.

Nú styttist til næstu kosninga til sveitarstjórnna. Mér finnst að hið fjölmenna bæjarfélag hér að Ásbrú hafi verið allt of þolinmótt gagnvart bæjarstjórn til þessa eins og m.a. ofangreind lýsing greinir. Það er því ekki ólíklegt að ég muni reyna að koma þessum sjónarmiðum í almenna umfjöllun þegar dregur að kosningum, en vona þó fremur að úrbætur verði þá komnar á rekspól.

Með kveðju

Valdimar Össurarson